

AUGLÝSING

um ökutæki varnarliðs Bandaríkjanna.

1. Stjórn varnarliðs Bandaríkjanna annast skráningu ökutækja í eigu varnarliðsins. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli heldur skrá um ökutæki varnarliðsins samkvæmt gögnum frá stjórn þess. Ökutæki þessi eru auðkennd skráningarmerkjum af sömu gerð og ákveðin er í reglugerð um skráningu ökutækja.

Umdæmisbókstafur ökutækjanna er VL.

Stjórn varnarliðsins annast um, að búnaður ökutækja í eigu varnarliðsins sé í lögætu ástandi. Ökutækin eru undanþegin váttryggingarskyldu.

2. Lögreglustjórinn á Keflavíkurflugvelli annast skráningu ökutækja í einkaeign varnarliðsmanna og heldur skrá um þau. Ökutæki þessi skulu auðkennd umdæmisbókstaf Keflavíkurflugvallar, J, en hvert skráningarnúmer skal hefjast á tölustafnum 0.

Ökutæki í einkaeign varnarliðsmanna eru háð sömu reglum og önnur ökutæki að því er varðar skráningu, gerð og búnað, skoðun og váttryggingu.

Auglýsing þessi er sett í samráði við dóms- og kirkjumálaráðuneytið með vísun til laga um lagagildi varnarsamnings milli Íslands og Bandaríkjanna og um réttarstöðu liðs Bandaríkjanna og eignir þess, nr. 110 19. desember 1951, laga um yfirstjórn mála á varnarsvæðunum o. fl., nr. 106 17. desember 1954, og umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968.

Utanríkisráðuneytið, 19. mars 1976.

Einar Ágústsson.

Páll Ásg. Tryggvason

27. febrúar 1976.

Nr. 82.

AUGLÝSING

um umferð í Kópavogi.

Samkvæmt heimild í 65. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Kópavogskaupstaðar, eru hér með settar eftirgreindar reglur um umferð í Kópavogi:

A. Skýringar:

Bæjarstjórn Kópavogskaupstaðar hefur gert þær breytingar á götuheitum á svæði því, sem eftirfarandi reglur fjalla um, að vestasti hluti Álfrólsvegur (vestan Vallartraðar), ný brú yfir vegargjá Hafnarfjarðarvegur, austasti hluti Hábrautar (austan akvegur að kirkju) og akvegur að kirkju, heiti þú nú einu nafni Hamraborg.

B. Umferðarreglur:

1. Aðalbrautarréttur Skeljabrekku gagnvart Hamraborg (áður Álfrólsvegi) fellur niður.
2. Umferð um Hamraborg skal njóta aðalbrautarréttar gagnvart umferð um Skeljabrekku í samræmi við ákvæði 2. mgr., sbr. 3. mgr. 48. gr. umferðarlaga (biðskylda).